

**Ed.**

**466. Nefndarálit**

**[5. mál]**

um frv. til l. um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Frumv. þetta er stjórnarfrv. og er um það að bæta nýjum kafla við bifreiðalögin, um reiðhjól með hjálparvél, en slík farartæki hafa ekki fallið undir ákvæði bifreiðalaganna. Þykir nauðsyn að bæta úr þessu, m. a. vegna þess, hve mikið af slíkum farartækjum er nú í notkun.

Frumvarpið er komið frá Nd., þar sem það var samþykkt með nokkurri breytingu.

Allsherjarnefnd hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (KGunn) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. marz 1955.

Hermann Jónasson,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
frsm.

Páll Zóphóníasson.